

Fimleikasamband Íslands leggur til að Fimleikafing taki a Fimleikafing 7. maí 2026

Þingskjal nr. _____

Tillaga frá FSÍ um jöfnunarsjóð verðlauna

Fimleikasamband Íslands leggur til að Fimleikafing taki afstöðu hvort eigi að innleiða jöfnunarsjóð verðlauna, eða halda því fyrirkomulagi sem áður hefur verið.

Greinargerð:

Eins og kunnugt er er mótagjöldum deilt þannig að 1/3 fer til mótshaldara (mínus verðlaunakostnaður), 1/3 til FSÍ upp í mótahaldskostnað og 1/3 í afreksverkefni. Á súpufundi í haust kom upp hugmynd um jöfnunarsjóð verðlauna. Um er að ræða jöfnunarsjóð á milli mótshaldara væri að ræða (milli þeirra aðila sem að eru að halda mót á því tímabili) og því var tekin saman verðlaunakostnaður áhaldafimleikamóta annars vegar og hópfimleikamóta hins vegar (mínus mótarið).

Þessum kostnaði var dreift á fjölda móta í báðum greinum (þar sem kostnaður er misjafn milli móta) og niðurstaðan var: félag sem heldur áhaldafimleikamót greiði 74.283 kr. í medalíukostnað og félag sem heldur hópfimleikamót greiði 152.274 kr. í medalíukostnað.

Jöfnuninn á einungis við um mótshaldara sem að eru að halda mót það tímabil, þar sem að félög sem ekki halda mót greiða nú þegar verðlaunakostnað í gegnum mótagjöld, og eru ekki að fá hagnað að því að halda mót til að vega á móti þeim kostnaði.

Sent til:

Laganefndar Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar _____ nefndar